6. gr.

Verði tekin ákvörðun um að leggja styrktarsjóðinn niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands.

Seltjarnarnesi, 10. júní 1999.

Sverrir Sigurðsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1999.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 781 17. nóvember 1999

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 5.409 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 3.500 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |

Auk auglýsingakostnaðar ef við á.

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks | |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á. | |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| Skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. Auk auglýsingakostnaðar ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 70/1992 fyrir heilbrigðiseftirlit og gjaldskrá nr. 16/1992 fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Vestfjarðasvæðis, með síðari breytingum.

*Bolungarvík, 17. nóvember 1999.*

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða,

**Anton Helgason** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI A

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 28.397 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 56.795 |
| Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 47.329 |
| Apótek | 6.423 |
| Áfengismeðferð | 5.071 |
| Áfengisverslun | 4.057 |
| Baðhús | 8.790 |
| Bakarí, lítið | 27.045 |
| Bakarí, miðlungs | 35.954 |
| Bakarí, stórt | 79.226 |
| Bensínstöðvar án matvæla | 16.227 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 43.272 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 57.590 |
| Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 16.227 |
| Bið- og endastöðvar strætisvagna | 3.381 |
| Biðstöðvar leigubifreiða | 3.381 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 12.846 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 14.199 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 15.551 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 4.395 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 5.071 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 11.494 |
| Bifreiðaréttingar | 4.395 |
| Bifreiðasprautun | 14.199 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 12.846 |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru | 20.960 |
| Bílapartasölur | 14.875 |
| Bjórgerð | 37.863 |
| Blikksmíði | 4.057 |
| Bón og bílaþvottur, handvirkur | 3.381 |
| Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur | 14.199 |
| Brauðstofur | 29.750 |
| Brauðverksmiðjur | 128.703 |
| Byggingavöruverslanir, litlar | 10.480 |
| Byggingavöruverslanir, stórar | 63.556 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 4.057 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 10.818 |
| Dagmömmur með > 6 börn | 4.395 |
| Dansskólar | 4.395 |
| Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis | 14.875 |
| Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi | 48.124 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis | 11.494 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi | 31.102 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi | 40.011 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 4.057 |
| Dýralæknastofur með röntgen | 8.790 |
| Dýraspítalar | 12.170 |
| Efnalaugar | 10.142 |
| Endurhæfing | 9.466 |
| Endurvinnsla úrgangs | 1.352 |
| Fangelsi, lítið | 27.045 |
| Fangelsi, miðlungs | 32.454 |
| Fangelsi, stórt | 37.863 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 4.057 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun | 4.057 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 34.602 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 25.693 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 11.494 |
| Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 17.579 |
| Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 20.284 |
| Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 27.841 |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 21.636 |
| Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 30.545 |
| Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 33.250 |

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Fiskmjölsvinnsla | 7.099 |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 29.750 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 1.352 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 18.932 |
| Fótaaðgerðarstofur | 4.395 |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 10.818 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 4.395 |
| Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 39.454 |
| Framleiðsla á glerplötum | 1.352 |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 35.159 |
| Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 27.841 |
| Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h. | 1.352 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 24.341 |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 48.681 |
| Framleiðsla á umbúðaplasti | 4.057 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 13.523 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 37.863 |
| Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 4.057 |
| Framleiðsla gleríláta | 3.719 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið | 32.454 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 41.363 |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 103.567 |
| Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 24.341 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 4.057 |
| Framleiðsla mjólkurdufts | 41.363 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 5.747 |
| Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 4.733 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis | 14.875 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 44.624 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis | 14.875 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 48.124 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu | 59.181 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 14.875 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 48.124 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Fúavörn á viði | 1.352 |
| Fyrirtæki sem geyma klórgas | 1.352 |
| Garðaúðun | 12.170 |

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Gasbirgðastöðvar með < 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 5.409 |
| Gasbirgðastöðvar með > 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 5.409 |
| Gámastöð | 5.747 |
| Grunnskólar án mötuneytis | 7.437 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 48.124 |
| Grunnskólar með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Gúmmívinnsla | 4.395 |
| Gæludýraverslun | 3.381 |
| Gæsluvellir | 12.846 |
| Harðfiskverkun | 5.071 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 5.071 |
| Hárgreiðslustofur | 4.395 |
| Heildverslun með hreingerningarefni | 63.556 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 21.636 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 27.045 |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 38.659 |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 20.960 |
| Heildverslun með ilmvötn og snyrtivörur | 63.556 |
| Heildverslun með snyrtivörur | 63.556 |
| Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 29.750 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 21.636 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 27.045 |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 35.954 |
| Heilsugæslustöðvar | 5.071 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 4.395 |
| Heitloftsþurrkun fiskafurða | 17.579 |
| Hestahald | 1.352 |
| Hótel með veitingasölu, lítið | 35.159 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs | 47.329 |
| Hótel með veitingasölu, stórt | 62.999 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting) | 4.395 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs | 10.818 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt | 12.170 |
| Hreinlætisvöruverksmiðjur | 20.960 |
| Hundahótel | 3.719 |
| Húðflúrstofur | 20.284 |
| Húðgötun | 20.284 |
| Húsgagnaiðnaður með lökkun | 2.705 |
| Ísgerð | 95.135 |
| Íþróttahús, lítil | 10.142 |
| Íþróttahús, miðlungs | 12.846 |
| Íþróttahús, stór | 15.551 |
| Íþróttavellir | 4.395 |
| Járnvöruverslanir | 20.960 |
| Kaldhreinsun lýsis | 24.341 |

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Kanínurækt | 1.352 |
| Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag | 27.841 |
| Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag | 52.181 |
| Kartöfluvinnsla - pökkun | 16.227 |
| Kattahótel | 3.719 |
| Kexverksmiðjur | 73.817 |
| Kirkjur | 4.395 |
| Kírópraktor | 4.395 |
| Kjötpökkunarstöð | 78.908 |
| Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 71.908 |
| Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 100.544 |
| Kjötvinnsla með reykingu, stór | 165.930 |
| Kjötvinnsla, lítil | 50.272 |
| Kjötvinnsla, miðlungs | 78.908 |
| Kjötvinnsla, stór | 133.476 |
| Krár, kaffihús án matsölu | 18.932 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 25.693 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 18.932 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 30.545 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 38.659 |
| Kvikmyndahús | 12.846 |
| Kæli- og frystigeymslur | 1.352 |
| Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 7.775 |
| Kökugerð, lítil | 17.579 |
| Kökugerð, miðlungs | 26.488 |
| Kökugerð, stór | 29.193 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 15.670 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 23.227 |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 29.432 |
| Land- og kvíaeldi | 6.761 |
| Lauksteikingarverksmiðjur | 24.341 |
| Leðurvinnsla | 1.352 |
| Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 4.395 |
| Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 31.102 |
| Leikhús með móttökueldhúsi | 12.846 |
| Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 44.624 |
| Leikskólar með móttökueldhúsi | 37.863 |
| Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 1.352 |
| Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 5.409 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 8.790 |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 21.079 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 20.284 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 23.784 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 21.636 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 25.136 |
| Líkbrennslur | 4.395 |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 9.466 |
| Loðdýrabú | 27.045 |
| Lyfjagerð | 10.480 |
| Læknahús með aðgerðarstofum | 4.395 |
| Læknastofur | 4.395 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 5.747 |
| Markaðir | 121.703 |
| Matsölustaðir, litlir | 25.693 |
| Matsölustaðir, miðlungs | 41.363 |
| Matsölustaðir, stórir | 46.772 |
| Matsöluvagnar | 22.988 |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 21.636 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 35.954 |
| Matvöruverslun án vinnslu, stór | 46.772 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 31.897 |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 51.624 |
| Matvöruverslun með vinnslu, stór | 65.942 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 2.705 |
| Málningar- og veggfóðurverslun | 20.960 |
| Málningarverksmiðjur | 71.669 |
| Málningarvöruverslanir | 20.960 |
| Meðferð og húðun málma | 11.494 |
| Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag | 1.352 |
| Mjólkurbú | 61.568 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 162.986 |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 5.747 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 9.466 |
| Móttaka brotamálms | 105.476 |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 24.341 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 27.045 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 32.454 |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 44.068 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 18.932 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 25.693 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 31.102 |
| Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 5.747 |
| Niðurrif bifreiða | 2.705 |
| Nuddstofur | 4.395 |
| Offsett- og hæðarprentun | 22.988 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 21.636 |
| Ostagerð | 88.135 |
| Plastiðnaður | 10.142 |
| Prentiðnaður með framköllun | 13.523 |
| Prentiðnaður, lítill | 5.409 |
| Prentiðnaður, miðlungs | 13.523 |
| Prentiðnaður, stór | 39.215 |
| Prentsmíð | 11.494 |
| Prentun dagblaða | 43.272 |
| Rafvélaverkstæði | 4.395 |
| Rannsóknarstofur í læknisfræði | 4.395 |
| Ryðvarnarverkstæði | 21.636 |
| Röntgenstofur | 8.790 |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 21.636 |
| Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 30.545 |
| Sala á tilbúnum mat, stór | 41.363 |
| Sala eiturefna | 52.738 |
| Salatgerð | 34.045 |
| Saltfiskverkun | 8.790 |

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Saltvinnsla | 22.988 |
| Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 4.395 |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 31.102 |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 12.846 |
| Sáldprentun | 22.988 |
| Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi | 1.352 |
| Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 2.705 |
| Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 27.045 |
| Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 14.875 |
| Sjúkraþjálfun | 4.395 |
| Skemmtistaðir án matsölu | 8.790 |
| Skemmtistaðir með matsölu | 24.341 |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 5.747 |
| Skotvellir | 4.395 |
| Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe. | 5.409 |
| Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe. | 10.818 |
| Skrúfuframleiðsla | 1.352 |
| Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 1.352 |
| Skyndibitastaðir, litlir | 27.841 |
| Skyndibitastaðir, miðlungs | 38.659 |
| Skyndibitastaðir, stórir | 41.363 |
| Sláturhús < 50t/dag | 35.159 |
| Sláturhús > 50t/dag | 70.317 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 17.579 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 30.545 |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 33.250 |
| Smásala efna í flokkum X, A og B | 20.960 |
| Smásala með notaða muni í verslunum | 20.960 |
| Smjörlíkisgerð | 27.841 |
| Smurstöðvar | 29.750 |
| Snyrtistofur | 4.395 |
| Snyrtivöruframleiðsla | 10.480 |
| Snyrtivöruverslun | 12.846 |
| Sorpeyðingastöð, sorphaugar | 5.071 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 6.423 |
| Sólbaðstofur án heitra potta | 4.395 |
| Sólbaðstofur með heitum pottum | 22.432 |
| Spennaviðgerðir | 22.988 |
| Spennistöðvar | 3.719 |
| Stálsmíði og stálskipagerð | 10.818 |
| Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1.352 |
| Steinsmíði | 3.719 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, án matvælavinnslu | 88.135 |
| Stórmarkaðir > 400 m$^2$, með matvælavinnslu | 97.044 |

| Atvinnurekstur | Eftirlitsgjöld kr. |
|---|---|
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 34.045 |
| Sundstaðir, litlir | 27.284 |
| Sundstaðir, miðlungs | 59.977 |
| Sundstaðir, stórir | 94.578 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 41.363 |
| Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 32.454 |
| Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 64.908 |
| Sögunarmyllur | 1.352 |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 12.170 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 16.227 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 27.045 |
| Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 35.954 |
| Tannlæknastofur | 4.395 |
| Te- og kaffiframleiðsla | 14.875 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 4.057 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 4.733 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 5.409 |
| Tónlistarskólar | 4.733 |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 4.733 |
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 5.409 |
| Ullarþvottastöðvar | 5.409 |
| Varahlutaverslanir, ekki bíla | 20.960 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 78.908 |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 236.724 |
| Vatnsveitur, einka | 16.227 |
| Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 1.352 |
| Véla- og tækjasölur | 20.960 |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 4.395 |
| Viðhald og niðurrif skipa | 5.409 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 5.409 |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 6.761 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 21.636 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 2.705 |
| Vistheimili | 10.142 |
| Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur. | 1.352 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 32.454 |
| Vörugeymslur, litlar | 4.733 |
| Vörugeymslur, miðlungs | 6.761 |
| Vörugeymslur, stórar | 32.454 |
| Yogastofur, heilun o.fl. | 4.395 |
| Þvottahús | 4.395 |
| Þvottahús og efnalaugar | 10.142 |
| Æfingasvæði slökkviliðs | 4.395 |
| Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 4.733 |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 4.733 |
| Önnur ótalin fiskvinnsla | 4.057 |
| Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 30.545 |